


Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15.04.2005

Hér sendist nefndasviði Alþingis meðfylgjandi;

Umsögn um þingsályktunartillögu um rannsóknir á þunglyndi eldri borgara.

Virðingarfyllst,



Hallgrímur Magnússon, öldrunargeðlæknir

Umsögn um þingsályktunartillögu um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.

Öldrunarsvið Landspítalans fagnar því að hreyft sé við jafn mikilvægu vandamáli og þunglyndi aldraðra er.

Þunglyndi á efri árum er oft mjög flókinn sjúkdómur. Einkum er greiningin erfið þar sem oft er torvelt að skilja þunglyndiseinkenni frá einkennum annarra sjúkdóma og stundum er sjúkdómsmyndin mjög óvenjuleg. Óvissa í greiningu getur leitt til kostnaðarsamra rannsókna og meðferðar með tilheyrandi óþægindum fyrir sjúklinginn.

Meðferð þunglyndis hjá öldruðum er einnig oft mjög flókin m. a. vegna þess að sjúklingurinn er oft en ekki með fleiri kvilla og tekur mörg lyf sem geta gripið inn í verkun þunglyndislyfja.


Til að fá sem öruggasta greiningu og meðferð í erfiðum tilfellum þarf talsverða sérþekkingu og reynslu, enda eru öldrunargeðdeildir starfræktar í flestum löndum.


Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni getur þunglyndi hjá öldruðum verið vangreint, en hitt er eins líklegt að sjúkdómurinn sé ofgreindur eða ranglega greindur. og bendir aukning á notkun þunglyndislyfja hjá öldruðum til að sú gæti hugsanlega verið raunin.

Umfang þunglyndis hjá öldruðum er nokkuð vel þekkt hér á landi sem og í öðrum löndum og varla þörf á að rannsaka það sérstaklega. Hins vegar er brýnt að ræða hvernig greiningu og meðferð þunglyndis hjá öldruðum verði fyrir komið í heilbrigðiskerfinu. Engin stofnun innan heilbrigðisgeirans fæst á skipulagðan hátt við þunglyndi eldra fólks. Sama gildir um aðra geðsjúkdóma í ellinni þegar heilabilun er frátalin. Rétt er að umræður og tilögur um það væri þungamiðja í starfi nefndarinnar. Brýn þörf er að koma upp starfsemi með sérþekkingu á þessu sviði hér á landi eins og tíðkast annars staðar. Með tilkomu slíkrar þjónustu yrði greining nákvæmari og meðferð skilvirkari en nú er.

Reykjavík 11.04.05

f. h. Pálma V. Jónssonar
sviðsstjóra lækninga á öldrunarsviði


Ina Marteinsdóttir öldrunargeðlæknir


Hallgrímur Magnússon öldrunargeðlæknir